

# MINNISBLAÐ

15.11.2022  
Málsnr. 2210004

## Dýrahæ

Dýrahæ eru skilgreind sem landbúnaðarúrgangur samkvæmt reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar er einungis heimilt að urða dýrahæ, smitandi sláturúrgang og annan smitandi landbúnaðarúrgang að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar að höfðu viðráði við héraðsdýralækni.

Úrgangsmál eru á ábyrgð sveitarfélaganna og falla undir lögbundið hlutverk sveitarfélaga, þ.e. söfnun og meðferð úrgangs og skólps. Segja má að dýrahæ sé úrgangsflokkur sem snýr minna að loftslagsmálum og auðlindanýtingu heldur fremur að sóttvarnar- og hollustuháttasjónarmiðum.

Dalabyggð hefur veitt íbúum þá þjónustu undanfarin ár að safna saman dýrahæjum og koma til förgunar. Álíka fyrirkomulag hefur verið til staðar hjá sveitarfélaginu Borgarbyggð. Kostnaður fyrir þjónustuna er innheimtur með fasteignagjöldum pr. þjónustunotanda og er miðaður við búfjárfjölda samkvæmt búfjárskýrslum MAST og er tiltekinn í gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð (nr. 1694/2021).

Eða eins og segir í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð (nr. 845/2021):

*Sveitarfélagið sér um söfnun á dýrahæjum og kemur þeim til förgunar. Söfnun dýrahæja fer þannig fram að keyrt er heim á bæi vikulega eða í annarri hverri viku að undangenginni ósk notanda um hirðingu hverju sinni. Notendur sjái til þess að hægt sé að losa hræin í söfnunarílát framkvæmdaaðila.*

Frá og með áramótum verður ekki hægt að fara með dýrahæ til förgunar (urðunar) í urðunarstöð Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholti. Frá næstu áramótum þarf sveitarfélagið Dalabyggð því að huga að nýju kerfi við að fjarlægja dýraleifar og koma þeim í förgun.

Í dag er það einungis móttöku- og brennslustöðin Kalka í Helguvík sem getur tekið á móti hræjum til brennslu. Frá Búðardal og í Fíflholt er um 80km leið, frá Búðardal og í Kölku eru um 200km, sem gefur ákveðna vísbendingu um kostnaðarhækkun ef sama fyrirkomulag verður áfram á og dýrahæ flutt þangað.

Verkefnastjóri athugaði fyrirkomulag í öðrum sveitarfélögum, það virðist vera lítið um úrræði ef nokkur. Athugað var með Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbæ, Eyja- og Miklaholtshrepp, Vesturbyggð, Flóahrepp, Rangárþing ytra og Húnaþing vestra. Langflestir búfjáreigendur í öðrum sveitarfélögum þurfa að búa við það að urða dýrahæ á eigin landareign, einhverjir hafa úrræði

á borð við hrægáma eða losna við dýrahæ ungiðna með því að koma þeim í almennt sorp. Ekki er æskilegt að blanda saman dýrahæjum og almennu sorpi og vandkvæði við hrægáma er að í þá getur verið losaður annar óæskilegur úrgangur eða aðilar sem ekki greiða sorphirðugjöld í sveitarfélaginu nýti sér gáminn. Samkvæmt sömu athugun er verið að vinna að því að koma upp brennslustöð á Strönd á Rangárvöllum og verið er að teikna brennsluofn sem staðsettur verður í Húnabyggð.

Þær lausnir sem minnst var á í ofangreindri athugun eru þó ekki endilega fýsilegar til lausnar á vanda Dalabyggðar né á þeim stað að geta tekið við dýraleifum við næstu áramót. Því er sveitarfélagið Dalabyggð alltaf að horfa á eitthvert millibilsástand þar sem óvissa mun ríkja ef ekki er gripið inn í málið á næstu vikum.

Í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033 kemur fram að stefnt sé að uppbyggingu á brennslugámi fyrir hluta sláturúrgangs sem þarf brennslu auk brennslu dýrahæja að Strönd í Rangárvallasýslu. Einnig kemur fram að Kalka geti auðveldlega meðhöndlað dýrahæ önnur en stórgripi. Lítil eftirspurn er eftir förgun stórgripa á Suðurnesjum. Þó er þörf fyrir að Kalka opni farveg fyrir slíkt og leitað verði samstarfs í því skyni. Engar upplýsingar er þó að finna um hvar þær þreifingar um samstarf séu staddar.

Í upplýsingum um núverandi áform og stefnu Sorpurðunar Vesturlands í fyrrnefndri svæðisáætlun, kemur fram að til framtíðar verður dýrahæjum safnað og þeim komið í brennslu annað hvort í brennslugám að Strönd á Rangárvöllum (samkvæmt skiptisamningi SV við SOS/SR), í brennslu hjá Kólku í Helguvík (samkvæmt skiptisamningi SV við Kólku) eða í nýrri hátæknibrennslustöð fyrir allt landið, sem SV mun taka þátt í að undirbúa og koma í gagnið. Þessar lausnir virðast ekki vera komnar á þann stað í dag að geta tekið við núverandi fyrirkomulagi í Dalabyggð.

Samkvæmt svari umhverfis- og auðlindaráðherra frá 18. janúar 2021 við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um urðun dýrahæja var á árunum 2015-2019 yfir 10.000 tonnum af dýrahæjum skilað á urðunarstaði sem Umhverfisstofnun hafði eftirlit með. Dalabyggð er mikið landbúnaðarsvæði þar sem í dag eru rekin yfir 80 sauðfjárbú og 7 kúabú, sem skilaði 78.960 kg af dýrahæjum til förgunar árið 2019 og 99.720 kg árið 2020.

Þá hefur Dalabyggð sérstakar áhyggjur af stöðu bænda sem t.d. eru í mjólkurframleiðslu og þurfa að gefa upplýsingar um hvernig þeir losa sig við dýrahæ til að fá útgefið starfsleyfi. Hingað til hafa bændur í Dalabyggð geta gefið skýr svör um meðhöndlun þessa úrgangs en nú verður breyting á og þá er spurning hvernig farið er með starfsleyfi þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu hefur eftirlitsstofnun ESA gert athugasemdir við að urðun dýrahæja sé framkvæmd þar sem það sé ekki í samræmi við reglur sem gilda um aukaafurðir úr dýrum.

Samkvæmt samtali við Bændasamtök Íslands er búið að vera vinna að því að fá varanlega lausn en sömu sögu er að segja þar, sú lausn er ekki innan seilingar.

Í svari Umhverfisstofnunar við fyrirspurn um málið kemur m.a. fram:

*Reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir ekki ætlaðar til manneldis tók gildi 20. júlí 2017. Frá gildistöku reglugerðarinnar hefur í rauninni enginn urðunarstaður í landinu haft heimild til að urða aukaafurðir dýra, þ.e. dýrahrað, sláturúrgang o.þ.h., nema að undangenginni þrýstisæfingu eða brennslu. Það er því ekki verið að fella þessa heimild úr starfsleyfi Sorpurðunar Vesturlands enda hefur heimildin ekki verið til staðar frá 2017.*

Umhverfisstofnun bendir einnig á að vandamálið sem Dalabyggð horfir fram á sé til staðar í öllum sveitarfélögum í landinu og mjög fá úrræði í boði. Stofnunin hefur heyrt af möguleikum á litlum brennslustöðvum en þær séu enn aðeins á teikniborði. Aðrar lausnir séu ekki í sjónmáli sem stofnunin sé kunnugt um og bendir á að málefni hátæknibrennslu fyrir úrgang sé á borði Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Haft var samband við Matvælaráðuneytið, svar barst frá skrifstofustjóra þann 28. september sl. þar sem kemur fram að erindið sé til skoðunar hjá skrifstofu matvæla.

Fundað var með fulltrúum Sambands Íslenskra sveitarfélaga þann 10. október sl. þar sem farið var yfir stöðuna í Dalabyggð ásamt þeim svörum sem borist höfðu. Sambandið er upplýst um stöðuna og mun taka samtalið áfram innan sinna raða.

Miðað við ofangreindar upplýsingar þarf sveitarfélagið Dalabyggð að ákveða hvert verður næsta skref, til að eyða óvissu um framkvæmd fyrir komandi ár.